

# LÝSING Á RÍKISBRÉFUM RIKB 25 0612



**Kalkofnsvegi 1, 150 Reykjavík**  
**Sími 569 9600, Fax 569 9604**  
**[www.sedlabanki.is](http://www.sedlabanki.is)**



## Lýsing á ríkisbréfum skuldabréfaflokks ríkissjóðs RIKB 25 0612

<b>Útgefandi</b>	Útgefandi, fyrir hönd Ríkissjóðs Íslands, er Seðlabanki Íslands, kt: 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, 150 Reykjavík. Sími: 569 9600, bréfsími 569 9604, heimasíða: <a href="http://www.seðlabanki.is">www.seðlabanki.is</a>
<b>Ábyrgð á lýsingu</b>	Seðlabanki Íslands ber ábyrgð á lýsingu þessari.
<b>Heimild</b>	Fjármálaráðherra hefur, fyrir hönd ríkissjóðs, ákveðið að bjóða út skuldabréf ríkissjóðs RIKB 25 0612, og er það gert á grundvelli heimildar í 5. gr. fjárlaga fyrir árið 2009. Skuldabréfaflokkurinn er opinn og verður selt í flokknum á grundvelli heimildar í fjárlögum hvers árs.
<b>Útboðsskilmálar</b>	Útboðsskilmálar verða birtir í fréttakerfi OMX Norrænu kauphöllinni á Íslandi a.m.k. tveimur dögum fyrir hvert útboð. Í útboðsskilmálum kemur fram hver verður áætluð fjárhæð útboðs, hvenær útboðið hefst, hvenær því lýkur, tilhögun greiðslu tilboðsfjárhæðar og hverjir megi taka þátt í útboðinu. Fyrsta útboðið verður 9. júní 2009, og verður greiðslu- og uppgjörsdagur 12. júní 2009. Bréfin verða afhent rafrænt gegn staðgreiðslu.
<b>Auðkenni</b>	Flokkurinn er gefinn út með rafrænum hætti hjá verðbréfamiðstöð í einnar krónu einingum. Skuldabréfin eru gefin út í íslenskum krónum. Lágmarks viðskiptaeining í OMX Norrænu kauphöllinni Íslandi er 1.000 krónur að nafnvirði. Auðkenni flokksins er RIKB 25 0612. ISIN númer flokksins er IS0000019321.
<b>Lánstími, vextir og gjalddagar</b>	Skuldabréfin eru með vaxtagreiðslufyrirkomulagi og greiðast vextir eftir á, einu sinni á ári. Ársvextir verða ákvarðaðir í kjölfar tilboða sem berast og verða tekin í fyrsta útboði flokksins. Skuldabréfin eru óverðtryggð og til sextán ára. Útgáfudagur skuldabréfanna er 12. júní 2009 og lokagjalddagi 12. júní 2025. Fyrsti vaxtadagur er 12. júní 2009. Vaxtatímabilið er ár hvert frá 12. júní til og með 11. júní næsta árs. Árlegir vaxtagjalddagar eru 12. júní ár hvert, í fyrsta sinn 12. júní 2010. Ef vaxtagreiðsludagur er helgi eða annar frídagur færast greiðsla vaxta að næsta virka degi á eftir. Greitt er út eftir eigendaskráningu hjá verðbréfamiðstöð að morgni síðasta viðskiptadags fyrir vaxtagreiðsludag og gjalddaga. Á lokagjalddaga þann 12. júní 2025 greiðist síðasta vaxtagreiðslan ásamt nafnverði bréfsins. Engin uppsagnarákvæði eru í skuldabréfunum.
<b>Hlunnindi</b>	Engin hlunnindi eru tengd skuldabréfunum.



<b>Skattar</b>	Skattaleg meðferð skuldabréfanna fer að skattalögum hverju sinni. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur ber innlendum fjármálastofnunum, verðbréfafyrirtækjum og sérhverjum þeim öðrum, sem hafa atvinnu af fjárvörslu, milligöngu eða innheimtu í verðbréfavíðskiptum, að draga staðgreiðslu af vaxtatekjum og afföllum skuldabréfa og skila í ríkissjóð. Sama gildir um ríkissjóð og ríkisstofnanir sem greiða vexti samkvæmt lögum. Ríkisbréf eru stimpilfrjáls skv. lögum nr. 79/1983.
<b>Greiðslufyrirkomulag</b>	Greiðslur fara fram rafrænt.
<b>Fyrning</b>	Um fyrningu krafna samkvæmt skuldabréfunum fer að lögum nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Fyrningartími vaxta er 4 ár frá gjalddaga, en fyrningartími höfuðstóls er 10 ár frá gjalddaga.
<b>Ávöxtunarkrafa og sölugengi</b>	Ávöxtunarkrafa og sölugengi ákvarðast af markaðsaðstæðum á hverjum tíma. Upplýsingar um gengi skuldabréfanna á eftirmarkaði koma fram í OMX Norrænu kauphöllinni Íslandi. Einnig er hægt að fá þessar upplýsingar hjá bönkum, sparisjóðum og verðbréfafyrirtækjum.
<b>Dagaregla</b>	Dagaregla við útreikning á virði bréfs og áfallinna vaxta miðast við raundaga/raundaga (e. actual/actual), og verður ISMA aðferð notuð til útreiknings.
<b>Meðferð ágreinings</b>	Um skuldabréfin gilda íslensk lög. Rísi upp mál vegna skuldabréfanna má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt ákvæðum 17. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.
<b>Framsal og eignarheimild</b>	Einungis er heimilt að framselja skuldabréfin til nafngreinds aðila. Skal kennitala fylgja nafni. Reikningsstofnunum, eins og þær eru skilgreindar samkvæmt lögum nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa, er einum heimilt að annast milligöngu um framsal á skuldabréfunum. Eignarskráning rafbréfa hjá verðbréfamíðstöð, að undangenginni lokafærslu verðbréfamíðstöðvar, veitir skráðum eigenda þeirra lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að. Engar aðrar hömlur eru á framsali með skuldabréfin.
<b>Forkaupsréttur</b>	Ekki er um að ræða neinn forkaupsrétt varðandi útgáfuna.
<b>Skráning</b>	Bréf seld í útboðinu 9. júní 2009 verða skráð í OMX Norrænu kauphöllinni Íslandi þann 16. júní 2009. Niðurstöður síðari útboða verða birtar í fréttakerfi OMX og í kjölfarið þau bréf skráð í OMX Norrænu kauphöllinni Íslandi.
<b>Umsjónaraðili</b>	Seðlabanki Íslands, Kalkofnsvegi 1, 150 Reykjavík, annast útboð skuldabréfaflokksins og skráningu í OMX Norrænu kauphöllinni Íslandi.



- Tilgangur útgáfunnar** Tilgangur útgáfunnar er að afla ríkissjóði fjár og bæta vaxtamyndun á innlendum skuldabréfamarkaði.
- Viðskiptavakt** Skuldabréfaflokkurinn fellur undir samninga við aðalmiðlara í tengslum við útgáfu ríkisverðbréfa og viðskiptavakt á eftirmarkaði. Stefnt er að viðskiptavakt með skuldabréfaflokkinn um leið og hann verður skráður í OMX Norrænu kauphöllinni á Íslandi.
- Upplýsingar og gögn** Lýsingu á ríkisbréfum RIKB 25 0612 og aðrar upplýsingar og gögn sem tengjast útgáfunni er hægt að fá á vefsíðunni [www.lanamal.is](http://www.lanamal.is). Frekari upplýsingar er einnig hægt að fá á alþjóða- og markaðssviði Seðlabanka Íslands.